

b. Gegn slysum (sauðfjárhópar):

202

1. Þar sem beitolönd liggja ekki að sjó 3 %

22. des.

2. Þar sem beitolönd liggja að sjó:

a. Sé flæðihætt 5 %

b. Sé ekki flæðihætt 4 %

Sé um váttryggingu fyrir styttri tíma að ræða en eitt ár, reiknast iðgjaldið þannig:

Allt að	1 mánuði		$\frac{1}{12}$	af ársiðgjaldi	+	100 %
— —	2 mánuðum		$\frac{2}{12}$	— —	+	50 —
— —	3 —		$\frac{3}{12}$	— —	+	33 —
— —	4 —		$\frac{4}{12}$	— —	+	25 —
— —	5 —		$\frac{5}{12}$	— —	+	20 —
— —	6 —		$\frac{6}{12}$	— —	+	15 —
— —	7 —		$\frac{7}{12}$	— —	+	10 —
— —	8 —		$\frac{8}{12}$	— —	+	5 —
— —	9 —		$\frac{9}{12}$	— —		
— —	10 —		$\frac{10}{12}$	— —		
— —	11 —		$\frac{11}{12}$	— —		
— —	12 —		ársiðgjald.			

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 26. febrúar 1943, um búfjárrýggingar, gildir frá 1. október 1949. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um iðgjöld fyrir búfjárrýggingar, útgefin 19. maí 1948.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. desember 1949.

Jón Pálmason.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

203

um breyting á reglugerð nr. 218 31. desember 1947, um búfjárrýggingar.

22. des.

1. gr.

22. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Váttryggingarverð nauta og hesta, sem notuð eru í kynbótafélögum, ákveður váttryggjandi. Þyki stjórn brunabótafélagsins hún óhóflega há, getur hún skotið málinu til ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í viðkomandi búgrein, og sker hann þá úr, hvert váttryggingarverðið skal vera. Váttryggingarverð einstakra gripa í bústofni sauðfjárrýggingabúnaðar og annarra kynbótabúnaðar ákveður váttryggjandi og má það vera eitt og hálft skattmat, nema á kynbótahrútum, en þar má það vera sexfalt skattmat.

2. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Váttryggingarverð einstakra gripa í frjálsri tryggingu ákveður váttryggjandi innan þeirra takmarka, er hér greinir:

Kynbótakarldýr, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sýningu, má váttryggja fyrir upphæð, er nemur þremur og hálft skattmat. Annað tiltekið búfé má váttryggja fyrir allt að eitt og hálft skattmat.

Umboðsmaður gætir þess, að ekki sé farið yfir greind verðtakmörk.

Reglugerð þessi gildir frá 1. október 1949.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. desember 1949.

Jón Pálmason.

Árni G. Eylands.